

Nd.

539. Lög

um Ræktunarsjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðs Íslands er að efla ræktun landsins og stuðla að bættum húsakynnum í sveitum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Ennfremur rennur í sjóðinn:

1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.

2. Tillag úr ríkissjóði 250 þús. kr. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks.
4. 1 milljón króna, er ríkissjóður leggur fram til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins. Skal ríkissjóði þegar sjeð fyrir sjerstöknun tekjum í þessu skyni

3. gr.

Ræktunarsjóðurinn skal gefa út vaxtabrjef, er nefnast jarðræktarbrjef. Skulu það vera skuldabrief, er hljóða upp á handhafa, en nafnskrá má þan í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um lögum og útlit brjefanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirskrifa brjefin.

Vaxtabriefin skulu gefin út í flokkum. Ákveður stjórn sjóðsins, hvenær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabriefum en nemur sexfaldrí upphæð höfuðstóls Ræktunarsjóðs.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabriefum en nemur þeirri fjárhæð, sem Ræktunarsjóður á í veðskuldabriefum, er bera jafnháa vexti og vaxtabriefin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, uns því verður varið til útlána samkvæmt tilgangi Ræktunarsjóðsins.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn, sem ráðherra setur, skal ákveða fjárhæð brjefanna, vexti, gjalddaga vaxtanna, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabriefa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 35 árum frá því er flokkur var opnaður.

4. gr.

Til kostnaðar við rekstur Ræktunarsjóðs leggur ríkissjóður 10 þús. kr. árlega í þrjú fyrstu árin eftir að lög þessi öðlast gildi, og úr því fer upphæðin minnkandi um 1000 kr. árlega, uns tillag þetta fellur burtu.

5. gr.

Ræktunarsjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypiss eigna- og veðbókavottorð fyrir sjálfan sig.

6. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að 3¹/₂% ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóðurinn er orðinn 15% af upphæð höfuð-

stóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Ræktunarsjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Ræktunarsjóðs er:

1. Skuldabrijf þau, er Ræktunarsjóður fær frá lántakendum, og fje það, er hann kann að eiga í Landsbankanum samkvæmt 3. gr.
2. Varasjóður Ræktunarsjóðs.
3. Höfuðstóll Ræktunarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

8. gr.

Fje Ræktunarsjóðs má eingöngu lána til jarðræktar og til húsagerðar á býlum í sveitum.

Til jarðræktar teljast þær jarðabætur, sem greinir í II. kafla jarðræktarlaganna frá 20. júní 1923, og þær aðrar jarðabætur, sem reglugerð Ræktunarsjóðs tiltekur.

Lán til húsagerðar má veita til íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa úr varanlegu efni, er samsvara jörðunni sem bændabýli að stærð og verði, en venjulega skal þess krafist, að jarðabætur sjeu áður gerðar á býlinu, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs telur hæfilegt.

Upphæð lánanna má nema alt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðs þeirra jarðabóta og alt að helmingi virðingarverðs þeirra húsa, sem lánin eru veitt til. Venjulega skulu lánin eigi koma til útborgunar fyr en jarðabót eða hús, sem lánið er til, er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar meðan verkið stendur yfir, að nokkru eða öllu, ef nægilegt veð er fyrir samkvæmt ákvæðum 9. gr. og lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verðhækkun vegna hennar liggur fyrir, enda er lántakanda þá skylt að ljúka við mannvirkið innan þess tíma, er stjórn Ræktunarsjóðsins tiltekur og aldrei má lengri vera en 5 ár. Nánari ákvæði um eftirlit með framkvæmd slíkra mannvirkja skal setja í reglugerð sjóðsins.

Nú er veittur styrkur af opinberu fje til mannvirkis, og má þá upphæð lánsins að viðbættum styrknum eigi fara fram úr $\frac{2}{5}$ virðingarverðs mannvirkisins.

9. gr.

Lánin má veita gegn þessum tryggingum:

- a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $\frac{3}{5}$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli eigi veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veð-

rjetti þeim, er Ræktunarsjóður fær. Ef umbætur þær, sem lánið er veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna sjálfra til viðauka við virðingarverð eignarinnar óbættrar, án þess að ný virðing á fasteigninni í heild fari fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

- b. Gegn afgangsskvöð á býlum leiguliða með lífstíðarábúð eða erfðaábúð á þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum ríkisins, svo og á jörðum sveitarfélaga, enda sje lánið veitt leiguliða til umbóta á býlinu sjálfu. Afgangsskvöðin skal samsvara árgjaldinu af láninu, og skal hún haldast uns lánið er að fullu greitt.
- c. Gegn ábyrgð hreppsnefnda eða sýslunefnda, að áskildu lögmaeltu samþykki æðri stjórnarvalda.

Lántakendur samkvæmt b.-lið þessarar greinar skulu hafa rjett til þess að fá afgangsskvöð þá, er þar um ræðir, lagða á býli sín, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Ræktunarsjóðsins.

10. gr.

Verð húsa á jörðum þeim, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, skal því að eins mega telja til virðingarverðs jarðarinnar, að húsin sjeu váttrygð í váttryggingarstofnun, er stjórn Ræktunarsjóðs telur góða og gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Ræktunarsjóður annist váttryggingar og innheimti iðgjöldin með árgjöldum af láninu, þegar stjórn sjóðsins ákveður svo.

11. gr.

Eignir þær, er Ræktunarsjóðurinn tekur að veði, og umbætur þær, er lánsupphæðin er miðuð við, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Ræktunarsjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á fasteigninni, og að virðingarverð jarðabóta fari eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands samkvæmt þeim reglum, sem fylgt er í skýrslum búnaðarfélaganna.

12. gr.

Búnaðarfélag Íslands og trúnaðarmenn þess skulu láta í tje umsögn sína og upplýsingar um sjerhverja lánbeiðni, eftir því sem stjórn Ræktunarsjóðs óskar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti, eða oftár, ef stjórn Ræktunarsjóðs krefst þess, sýna skilríki frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands, eða öðrum þeim, er stjórn Ræktunarsjóðs tekur gilda, fyrir því, að jarðabólinni eða byggingunni hafi verið vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Minstu lán úr Ræktunarsjóði skulu vera 300 kr. Hámark lánsupphæðar til einstakrar fasteignar skal ákveðið í reglugerð. Gegn afgangsskvöð á einstakri

fasteign má ekki lána meira en 10 þús. kr., nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og samþykki jarðareiganda komi til, og þá aldrei meira en 25 þús. kr.

Lánstíminn má vera:

- a. Til matjurtagarða 5 ár.
- b. Til girðinga, vega, veitugarða, vatnsveituskurða og framræslu vegna áveitu 10 ár.
- c. Til túnræktar og framræslu vegna hennar og til áburðarhúsa og áburðargryfja 20 ár.
- d. Til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga alt að 25 árum.

Af láninu samkvæmt staflíð a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflíð c. og d. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

14. gr.

Lán þau, er Ræktunarsjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Ræktunarsjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Ræktunarsjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og bjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið og upphæð brjefa þeirra, er selja má fyrirfram.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

15. gr.

Allir bankar, bankaútibú og sparisjóðir í landinu skulu skyldir að hafa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins til sölu án sjerstaks endurgjalds og hafa auglýsingu um það í afgreiðslum sínum, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Reikningsskil fyrir andvirði seldra brjefa skulu þeir gera eftir ákvæðum stjórnar Ræktunarsjóðsins. Svo eru og hinar sömu stofnanir skyldar til að annast án endurgjalds útborganir á lánun úr Ræktunarsjóði, eftir ákvæðum stjórnar sjóðsins, ef nægir peningar tilheyrandi Ræktunarsjóði eru fyrirbyggjandi hjá þeim, og gera reikningskil eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

16. gr.

Verði eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett Ræktunarsjóði, eða sem afgjaldskvöð hvílir á, til tryggingar láni úr Ræktunarsjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

17. gr.

Vilji maður, vegna eigendaskifta eða ábúendaskifta, taka að sjer greiðslu á láni annars manns úr Ræktunarsjóði, þá skal hann leita samþykkis stjórnar

sjóðsins um það, og senda beiðni um það ásamt þeim skilríkjum, er tiltekin verða í reglugerðinni, fyrir næsta gjalddaga á afborgunum og vöxtum lánsins.

18. gr.

Lánnum þeim, er Ræktunarsjóður veitir, má ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir nndirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunantur ekki vátrygðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Ræktunarsjóðs, eða nýr eigandi eða ábúandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Ræktunarsjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

19. gr.

Skuldunantar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr., um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða $\frac{1}{2}\%$ af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $\frac{1}{2}\%$ á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærrí; og ef vextirnir eru milli $5\frac{1}{2}\%$ og 6%, færíst gjaldið niðnr hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6%. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

20. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánnum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Ræktunarsjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Ræktunarsjóðsins. Sjóðurinn má og á þann þátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa vaxtabrjef í stærri stil.

21. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuð-

stól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

22. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Ræktunarsjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

23. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Ræktunarsjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Ræktunarsjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

24. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má eigi framfar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Ræktunarsjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

25. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Ræktunarsjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

26. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Ræktunarsjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða ljárnáms, samkv. ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Ræktunarsjóði það út til eignar, ef þörf er á. Ræktunarsjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málsskoti.

Ræktunarsjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Ræktunarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

27. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, Kirkjujarðasjóðs og Bjargráðasjóðs, má verja til að kaupa vaxtabrjef Ræktunarsjóðsins, en þó eigi hærra verði en nafnverð þeirra er.

Ríkisstjórnin gerir sjerstakan samning við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbrjefum sjóðsins, er nemi alt að 1400000 kr.

28. gr.

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins alment.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

29. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Ræktunarsjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til tryggja skjalavörslu, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Ræktunarsjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

30. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Ræktunarsjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hve nær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

31. gr.

Lán þau, er veitt hafa verið úr Búnaðarlánadeild Landsbankans, þá er Ræktunarsjóður tekur til starfa samkvæmt þessum lögum, má yfirfæra til Ræktunarsjóðs, þótt lánsskilmálar sjuu aðrir en þessi lög ákveða, enda taki Landsbankinn vaxtabrjef Ræktunarsjóðs með nafnverði sem greiðslu fyrir skuldabryef þau, er hann samkvæmt þessu afhendir Ræktunarsjóði.

32. gr.

Úr Ræktunarsjóði má veita lán samkvæmt þessum lögum til jarðabóta og húsabóta, sem framkvæmdar hafa verið árið 1924 eða síðar.

33. gr.

Í reglugerð fyrir Ræktunarsjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands, 2. mars 1900, lög 20. okt. 1905, um breytingu á þeim lögum, lög 14. nóv. 1917, um breytingu á sömu lögum, lög 4. júní 1924, um stofnun Búnaðarlána-deildar við Landsbanka Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal Ræktunarsjóður taka til starfa samkvæmt þeim eigi síðar en 1. okt. 1925.